



# GRÆNT BÓKHALD

2019



## Efnisinnihald

1.	Yfirlýsing stjórnar .....	3
2.	Áritun endurskoðanda .....	4
3.	Almennar upplýsingar .....	5
4.	Hráefna- og auðlindanotkun - Lykiltölur .....	5
	4.1 Helstu hráefni .....	6
	4.2 Umbúðir og pökkun .....	7
	4.3 Sorpflokkun .....	7
	4.4 Eiturefni .....	7
	4.5 Rafmagn, heitt og kalt vatn .....	8
	4.6 Duftsíun og uppgufun leysiefna .....	8
	4.7 Hávaði .....	8

---


## 1. Yfirlýsing stjórnar

---

Árið 2019 var stöðugt í rekstri. Engar breytingar voru gerðar á framleiðsluferli fyrirtækisins. Engar bilanir á framleiðslubúnaði áttu sér stað á árinu. Árið 2018 var hafist handa við smíði á 400 fermetra viðbótarlagerhúsnæði. Framkvæmdum lauk 2019. Það staðfestist hér með að allar upplýsingar í skýrslu þessari um grænt bókhald eru unnar úr gögnum félagsins.

Kópavogur 14. maí 2020

Málning hf.

A handwritten signature in black ink, reading 'Valdimar Bergstað', written over a horizontal line.

Valdimar Bergstað, stjórnarformaður

---

## 2. Áritun endurskoðanda

---

Við höfum endurskoðað tölulegar upplýsingar í skýrslu um grænt bókhald fyrir Málningu hf. fyrir árið 2019 sbr. Reglugerð nr. 851/2002.

Endurskoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem koma fram í græna bókhaldinu. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að tölulegar upplýsingar í grænu bókhaldi Málningar hf. fyrir árið 2019 séu í samræmi við upplýsingar í fjárhagsbókhaldi þess.

Reykjavík 14. maí 2020  
PricewaterhouseCoopers ehf.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Kristinn Freyr Kristinsson', written over a horizontal line.

Kristinn Freyr Kristinsson, löggiltur endurskoðandi

---

## 3. Almennar upplýsingar

---

- Nafn fyrirtækisins er Málning hf. og kennitala þess er 450269-4849.
- Aðsetur þess er á Dalvegi 18, 201 Kópavogi.
- Framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Baldvin Valdimarsson.
- Ábyrgðamaður skýrslunnar er Gísli Guðmundsson efnaverkfræðingur.
- Í stjórn fyrirtækisins sitja Valdimar Bergstað stjórnarformaður, Halldóra Baldvinsdóttir og Hjörtur Bergstað.
- Fyrirtækið er í flokki 4.8 skv. fylgiskjali með reglugerð um grænt bókhald.
- Málning hf. er með starfsleyfi sem gildir til 20.06.2032.
- Útgefandi starfsleyfis er Umhverfisstofnun og eftirlitsaðili er Umhverfisstofnun.
- Tímabil græns bókhalds er frá 01.01.2019 til 31.12.2019.

---

## 4. Hráefna- og auðlindanotkun – lykiltölur

---

Málning hf. hefur yfir að ráða um 260 hráefnum til málningarframleiðslu sinnar. Af þessum fjölda flokkast um 90 hráefni sem merkingarskyld, ef magn þeirra fer yfir ákv. viðmiðunarmörk skv. reglugerð nr. 236/1990 og nr. 921/2000 ásamt síðari breytingum. Við hjá Málningu hf. höfum farið þá leið að notast við hefðbundna flokkun efna til málningarframleiðslu og gefum síðan upp magn þriggja stærstu hráefnanna í hverjum flokki. Þessir flokkar eru bindiefni vatnsþynnanleg, bindiefni leysiefnaþynnanleg, fylliefni, litarefni, upplausnarefni og hjálparefni. Allt frá fyrstu tíð við gerð græns bókhalds hafa þessar tölur verið gefnar upp sem hlutfallstölur m.v. magn 2003 sem grunnár. Þar sem Málning hf. er eini framleiðandi málningar á Íslandi og þar með eina slíka fyrirtækið sem þarf að sækja um starfsleyfi fyrir starfsemi sína var ákveðið að gefa upp rauntölur frá og með árinu 2015.

## 4.1 Helstu hráefni

	2016	2017	2018	2019
<b>Bindiefni vatnsþynnaleg</b>				
- Orgal P 056 V	91.140 kg	101.402 kg	103.873 kg	78.168 kg
- Orgal P 036 V	71.835 kg	98.360 kg	99.717 kg	96.001 kg
- Orgal P 838 W	39.973 kg	82.710 kg	93.545 kg	108.512 kg
<b>Bindiefni leysiefnaþynnt</b>				
- Noralkyd S61-60W	69.994 kg	68.456 kg	57.924 kg	73.035 kg
- Noralkyd T83-100	26.564 kg	24.049 kg	20.218 kg	28.975 kg
- Noralkyd TX 57-55H	28.644 kg	29.437 kg	24.518 kg	26.143 kg
<b>Fylliefni</b>				
- Microdol 1	131.628 kg	152.640 kg	159.116 kg	150.387 kg
- Micro Talc AT1	52.623 kg	58.081 kg	53.777 kg	53.708 kg
- Calsimatt	19.833 kg	24.057 kg	17.555 kg	12.867 kg
<b>Litarefni</b>				
- Titanhvítá	200.547 kg	222.601 kg	225.101 kg	216.765 kg
- Zinkfosfat	2.161 kg	2.445 kg	2.086 kg	1.905 kg
- Oxydsort 318M	1.494 kg	710 kg	766 kg	836 kg
<b>Upplausnarefni</b>				
- Mineral terpentína	173.645 kg	174.189 kg	153.832 kg	164.055 kg
- Xylen	52.376 kg	52.544 kg	54.662 kg	45.643 kg
- Etanól	11.570 kg	12.276 kg	103.376 kg	11.120 kg
<b>Hjálparefni</b>				
- Acrysol TT 935	6.601 kg	6.483 kg	3.986 kg	2.769 kg
- Aquaflow NHS 300	4.372 kg	4.749 kg	4.549 kg	4.762 kg
- FOAMSTAR ED 2523	2.000 kg	1.923 kg	2.444 kg	2.611 kg

## 4.2 Umbúðir og pökkun

	2016	2017	2018	2019
Pökkunarplast	2 tonn	2 tonn	1,5 tonn	1,5 tonn
Allar umbúðir	791.829 stk.	840.941 stk.	847.937 stk.	897.140 stk.

## 4.3 Sorpflokkun

	2016	2017	2018	2019
Blandaður úrgangur	8.120 kg	13.740 kg	24.210 kg	23.150 kg
Grófur úrgangur	3.040 kg	7.140 kg	8.930 kg	32.382 kg
Timbur	2.020 kg	6.380 kg	36.074 kg	34.464 kg
Málmar	24.630 kg	22.640 kg	24.130 kg	25.950 kg
Spilliefni og skol	27.165 kg	34.713 kg	25.919 kg	27.153 kg
Vatnsþynnt málning	20.956 kg	14.856 kg	18.349 kg	31.198 kg
Leysiefnaþynnt málning	32.689 kg	24.839 kg	14.147 kg	15.551 kg
Endurvinnsla á leysiefnum	1.800 kg	9.000 kg	12.000 kg	8.000 kg
Endurvinnsla á bylgjupappa		6.250 kg	5.070 kg	14.200 kg
Uppdæling úr brunnum	10.000 kg	8.440 kg	18.140 kg	11.920 kg

## 4.4 Eiturefni

Málning hf. kappkostar að nota hráefni sem hvorki hafa skaðleg áhrif á notandann né á umhverfið. Má í því sambandi nefna að æ fleiri vörutegundir hafa fengið hið svokallaða 0% merki, sem gefur til kynna að engin skaðleg efnasambönd er að finna í vörunni. Þess ber að geta að Málning hf. fékk allnokkrar vörur Svansvottaðar á árinu 2018. Enn er samt einn syndaselur á hráefnalista okkar. Þar er á ferðinni Metylen Klóríð sem notast í málningaruppleysi. Notkun efnisins var bönnuð í desember 2011 og því engin notkun árið 2012, en Málning hf. hefur frá því í apríl 2013 fengið undanþágu til notkunar á efninu. Leyfi var veitt frá Umhverfisstofnun UST201804-282/Í .S .B. Leyfið gildir til 1. júní 2023.

	2016	2017	2018	2019
Metylen Klóríð	3.085 kg	3.610 kg	930 kg	1.653 kg

## 4.5 Rafmagn, heitt og kalt vatn

	2016	2017	2018	2019
Rafmagn	570.772 Kwh	561.347 Kwh	541.657 Kwh	512.518 Kwh
Heitt vatn	19.891 m <sup>3</sup>	24.847 m <sup>3</sup>	26.749 m <sup>3</sup>	21.898 m <sup>3</sup>
Kalt vatn (heildarmagn)	2.314 m <sup>3</sup>	3.041 m <sup>3</sup>	3.851 m <sup>3</sup>	3.440 m <sup>3</sup>

## 4.6 Duftsíun og uppgufun leysiefna

	2016	2017	2018	2019
Magn dufts sem verður eftir í síubúnaði	142 kg	183 kg	345 kg	560 kg
Magn leysiefna sem gufa upp við framleiðslu	3.450 kg	3.450 kg	3.020 kg	3.020 kg

## 4.7 Hávaði

Hávaði er í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð 724/2008 um hávaða. Verkfræðistofan EFLA lagði mat á hljóðstig nærumhverfis fyrirtækisins í nóvember 2015. Þar mælist hljóðstig undir mörkum reglugerðarinnar. Næstu hljóðmælingu skal framkvæma fyrir árslok 2025.